

Kæru nýstúdentar, fjölskyldur, starfsfólk og þið sem heima sitjið.

Um þessar mundir eru fimmtán ár síðan Fjölbrautaskóli Snæfellinga útskrifaði fyrstu stúdentana sína. Og skemmtileg staðreynda að í dag útskrifast 15 nemendur frá skólanum. Ég var svo heppin að vera í hópnum fyrir 15 árum svo var ég líka fremst í stafrófinu þannig að ég er fyrsti útskriftarneminn frá FSN. Ég fór ekki hefðbundna leið að mínu stúdentsprófi þar sem ég kláraði iðnnám áður en ég ákvað að ná mér í hvíta kollinn. En sú ákvörðun að hér yrði stofnaður Fjölbrautaskóli gaf mér tækifæri á að ljúka stúdentsprófi í heimabyggð sem síðan auðveldaði mér leið inn í háskóla.

Margt hefur breyst á fimmtán árum og alltaf bætist í flóru þeirra áfanga sem í boði eru og segir það okkur að skólinn er í stöðugri þróun í takt við tíðarandann. Ég á tvær dætur sem báðar hafa lokið námi héðan með átta ára millibili og bara á þeim átta árum sáum við miklar breytingar á skólanum. Hvað þá núna þar sem reglur eru stöðugt að breytast “út af sotlu” og nemendur ekki fengið að verja miklum tíma innan veggja skólans þetta árið og hafa í staðin þurft að leggja allt sitt traust á tæknina. Kæru nýstúdentar síðasta árið ykkar hér hefur örugglega ekki verið alveg eins og þið bjuggust við en þið standið hér og það sýnir að þið hafið sýnt styrk og úthald sem á klárlega eftir að nýtast ykkur í framtíðinni. Þið fenguð ekki að dimmeta, engin útskriftarferð og þið vilduð örugglega hafa skipulagt útskriftarpartý eða veislu á annan hátt en reglur leyfa í dag. En það mikilvægasta er að þið hélduð þetta út og fenguð hvíta kollinn að launum.

Fram undan hjá flestum er áframhaldandi nám en gleymið ekki að njóta lífsins líka. Kannið heiminn (eftir Covid klárlega) það liggur ekkert á að hefja háskólanám strax ef þið eruð ekki viss um hvað þið viljið gera í framtíðinni gefið ykkur tíma. Eins og ég kom inná í upphafi kláraði ég fyrst iðnnám áður en ég lauk námi héðan og lauk ekki háskólanámi fyrr en fertug (sem virkar rosalega hár aldur en er það ekki í raun, þið skiljið það síðar) og ég er enn að læra það er nefnilega það frábæra við allt nám að maður getur endalaust bætt við sig þekkingu. Það er margt áhugavert í boði og ekkert sem segir að þú skráir þig í eitthvað nám að þú megir ekki breyta. Ekki hanga í einhverju sem þið sjáið að þið hafið ekki áhuga á. Það er í lagi að breyta.

Ný stúdentar og starfsfólk FSN árið 2020 hefur verið ár áskoranna í lærdómi og kennslu en þið hafið náð að halda gleðinni og þrautseigjunni og nú uppskerið þið árangurinn. Innilegar hamingjuóskir með áfangann kæru nýstúdentar munið að þvo, spritta og njóta jólanna. Þið eigið framtíðina fyrir ykkur og eigið eftir að taka þátt í því að breyta heiminum. Enn og aftur til hamingju og Gleðilega hátíð!